

Nesfréttir



JÚNÍ 2018 • 6. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is 30. ára

 **Fróttill**
11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,333 cl gos 1.000 KR.

MIBSTÆRÐ
af matsæli og 0,333 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Kyrrðarstund í sumarbústað



Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

Kyrrðarstundirnar í Seltjarnarnes-kirkju eru jafnan vel sóttar. Síðasta kyrrðarstundin á liðnum vetri var nokkuð óvenjuleg vegna þess að Kristín Claessen ein þeirra sem sækir kyrrðarstundirnar reglulega bauð fólki í heimsókn í sumarbústað sinn sem er í Borgarfirði. Stundin var falleg og einkenndist að miklum söng. Kyrrðarstundirnar hefjast síðan aftur að hausti. Myndin er af hópnum sem fór í Borgarfjörðinn.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka



Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Grafreitir á Seltjarnarnesi

Safnaðarfundur á Seltjarnarnesi hefur nú sent frá sér áskorun um að komið verði upp grafreit á Nesinu. Bent er á að Seltjarnarnesbær sé eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem ekki hafi grafreit og vitnað í lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og skyldur sveitarfélaga.

Ígreinargerð með áskoruninni er bent á að Seltirningar þurfi sífellt lengra frá heimkynnum sínum til þess að greftra ættingja. Nú þurfi í Gufunes og innan tíðar muni þurfa allt upp undir Úlfarsfell.

Ígreinargerðinni er einnig bent á að fyrr á öldum hafi verið grafreitir í Nesi og grafið þar fram í byrjun 19. aldar. Þá kemur fram að grafreitir myndi tryggja að aldrei yrði ráðist í byggingaframkvæmdir vestan Nesbala en margir Seltirningr eru mótfallnir því að teygja byggðina lengra út á nesið.

Um nokkurn tíma hefur verið rætt um hvort rétt væri að koma upp duftgrafreit á Seltjarnarnesi en hér er á ferð hugmynd um fullkomin grafreit. Hugsanlega mætti sameina grafreitina í einan.

Nauðsynlegt að kanna hvort íbúar hafi almennt áhuga á því að koma upp grafreit eða hvort hugmyndin er aðeins bundin við þá sem sækja safnaðarfundu.

Komi almennur vilji fram um að Seltirningar eignist sinn eigin grafreit ætti bæjarstjórn ekki að vera neitt að vanbúnaði að uppfylla lagaskyldu um að láta í té landsvæði undir grafsvæði og ganga þannig frá að greftrun gæti hafist.

Um 75% kosningabáttaka á Nesinu



Alls greiddu 2.560 atkvæði í nýafstöðnum bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi eða um 75% kosningabærra manns. D listi hlaut 1.151 atkvæði og fjóra bæjarfulltrúa kjörna. S listi hlaut 693 atkvæði og tvo menn kjörna. N listi hlaut 380 atkvæði og einn mann kjörinn og F listi hlaut 264 atkvæði og engan mann kjörin. Auðir og ógildir seðlar voru 72.

Af D lista hlutu kosningu Ásgerður Halldórsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Varamenn af D lista eru Ragnhildur Jónsdóttir, Sigríður Sigmarsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Hannes Tryggvi Hafstein. Af S lista hlutu kosningu Guðmundur Ari Sigurjónsson og Sigurþóra Bergsdóttir og varamenn eru Þorleifur Örn Gunnarsson og Karen María Jónsdóttir. Af N lista hlaut Karl Pétur Jónsson kosningu og Hildgunnur Gunnarsdóttir til vara.

D listinn ekki með helming atkvæða

Ef kosningabáttaka og úrslit eru borin saman við kosningarnar 2014 þá voru 139 fleiri á kjörskrá en í ár. Atkvæði greiddu hins vegar 253 fleiri nú en árið 2014.

Þátttaka í kosningunum var ívið betri nú en árið 2014, 75,23% á móti 70,68%.

Auðir og ógildir seðlar voru 27

færri árið 2018 en 2014. Hlutfall þeirra var 4,29% árið 2014 en lækkaði í 2,81% árið 2018. Ef litið er til einstakra lista greiddu 44,96% kjósenda D listanum atkvæði sitt nú en 50,33% árið 2014. Þrátt fyrir að ná ekki helmingi atkvæða heldur D listi hreinum meirihluta sínum í bæjarstjórn.

S listi fékk 43 atkvæðum meira í kosningunum nú en 2014 en hlutfall kjósenda sem studdu listann nú lækkar í 27,07% úr 28,18% árið 2014. N listi sem bauð fram í samstarfi við Félag Viðreisnarfólks á Seltjarnarnesi fékk 84 atkvæðum meira en N listinn árið 2014. Hlutfall kjósenda sem studdu listann hækkaði úr 12,83% árið 2014 í 14,84% nú. B listi bauð fram árið 2014 en ekki í kosningunum nú. F listi bauð ekki fram í kosningunum 2014 en gerði það árið 2018. Listinn fékk 264 atkvæði eða 10,31% greiddra atkvæða.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



OPIÐ TIL 21 ÖLL KVÖLD



XO

FUN · FAST · FUSION

SMÁRALIND & JI HÚSINU

WWW.XOISLAND.IS

571-3888



Íbúðir við Kirkjubraut 1 tilbúnar til sölu með haustinu

- nánast allt endurnýjað í húsinu



Svona lítur húsið við Kirkjubraut 1 út þessa dagana og í sumar verður unnið að því að ljúka endurbótum og frágangi þess.

Íbúðir í endurbyggðu húsi við Kirkjubraut munu verða tilbúnar til sölu síðla sumars en alls verða sex íbúðir í húsinu. Aðdragandinn að því er að í janúar á þessu ári keyptu fjárfestar húseignina Kirkjubraut 1 sem er 507 fermetra hús á þremur hæðum. Húsið var upphaflega byggt 1947 og var afar illa farið. Byggingafyrirtækið Hús í hús ehf. hefur unnið að endurbótum á húsinu síðan.

Í hinu endurbyggða húsi verða sex íbúðir, tvær á hverri hæð. Þrjár þeirra eru tveggja herbergja og þrjár þriggja. Stærðir íbúðanna eru frá 60 til 100 fermetrum. Hverri íbúð fylgja góðar geymslur og sameign í sérstæðum bílskúr á lóðinni. Sérinnangangur verður í íbúðir á fyrstu og annarri hæð en sameiginlegur fyrir þriðju hæð. Svalir verða á íbúðum annarrar og þriðju hæðar.

“Húsið var mjög illa farið og þarfnadist nánast allt endurbóta. Allar lagnir, grunn, raf og pípulagnir hafa verið endurnýjaðar frá grunni. Einnig er skipt um þak, alla glugga, hurðir og húsið klætt með viðhaldslausrí álklaðningu. Íbúðirnar verða afhentar fullkláraðar að innan. Við gerum ráð fyrir að ljúka verkinu seinnipart sumars og verða íbúðirnar þá auglýstar og fara í almenna sölu,” segir Daníel Jökulsson byggingarstjóri hússins.



Á myndinni má sjá nýtt sleppistæði við Nesveg.

Framkvæmdir við Mýró á lokaspretti

Eins og margir Seltirningar hafa tekið eftir þá standa nú yfir framkvæmdir við Mýrarhúsaskóla. Annars vegar er verið er að útbúa sleppistæði Nesvegsmegin fyrir foreldra og forráðamenn sem keyra og sækja börn sín í skólann. Hins vegar vörumóttöku og sorpgerði með aðkomu inn á svæðið frá Hrólfskálamel.

Langur aðdragandi er að þessum framkvæmdum og bestu lausninni

varðandi hönnun og útfærslu en tilgangurinn er að draga úr umferð í kringum skólalóðina og helstu gönguleiðir barnanna til að tryggja öryggi þeirra sem og að flýta fyrir umferð við skólann á álagstímum. Framkvæmdin er í samræmi við umferðaröryggisáætlun Seltjarnar-nesbæjar og unnin í samráði við skólastjórnendur auk þess sem foreldrar í skólaráði skólans fengu kynningu á fyrirætlunum.



www.systrasamlagid.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokkis tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílapvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílapvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu sliffata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Árni og Margrét Lind

Kvöddu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Bæjarstjórn Seltjarnarness hélt síðasta fund kjörtímabilsins 6. júní síðastliðinn. Það var jafnframt síðasti fundur Árna Einarssonar bæjarfulltrúa Neslista og Margrétar Lindar Ólafsdóttur bæjarfulltrúa Samfylkingar sem hverfa nú úr bæjarstjórn. Aðrir núverandi bæjarfulltrúar verða við bæjarstjórnarborðið þegar ný bæjarstjórn tekur formlega við síðar í þessum mánuði.

Á þessum síðasta fundi sínum lögðu Árni og Margrét Lind í sameiningu fram tillögu um að Seltjarnarnesbær innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og geri samning við UNICEF á Íslandi um samstarf við innleiðinguna.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi árið 2013 og er nú hluti af íslenskrum löggjöf. Hann veitir börnum víðtæk réttindi og endurspeglar nýja sýn á stöðu barna í samfélaginu og tryggir þeim sérstaka vernd, umönnun og þátttöku. Hann felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna.

Tillaga Árna og Margrétar Lindar var samþykkt samhljóða.



Árni Einarsson og Margrét Lind Ólafsdóttir.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

**Við þökkum kærlega
fyrir stuðninginn í
sveitarstjórnarkosningunum
þann 26. maí.**

D



Safnaðarfundur vill grafreit

- Seltjarnarnesbær eina bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem er án grafreits

Aðalsafnaðarfundur Seltjarnarnessóknar, sem haldinn var í Seltjarnarneskirkju mánudaginn 14. maí sl. áréttar mikilvægi þess að komið verði á fót grafreit á Seltjarnarnesi. Fundurinn hvatti bæjarstjórn og skipulagsyfirvöld til að leiða málið til lykta hið fyrsta í samræmi við þá kvöð sveitarfélaga að láta í té land í þessu skyni. Fundurinn fól sóknarnefnd að vinna áfram ötullega að framgangi málsins.

Í greinargerð með tillögunni um kirkjugarðinn segir að kirkjugarður hafi á sínum tíma verið við kirkju þá er stöð í Nesi við Seltjörn fram til ársins 1799 mjög nærri þeim stað er nú er gerð tillaga um. Sá kirkjugarður hafi verið í notkun og

jarðsett þar allt fram á 3. áratug 19. aldar og e.t.v. lengur, eins og fram kemur í Seltirningabók. Í greinargerðinni er minnt á að samkvæmt lögum nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er lögð kvöð á sveitarfélög um þetta efni. Í 12. grein þeirra laga segir: „Skylt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og efni í girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa. “Þá er vakin athygli á þeirri staðreynd að Seltjarnarnes er eina bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu þar sem ekki er kirkjugarður og með tíð og tíma hafi þurft að leita æ lengra um leg



fyrir látna Seltirninga. Þessu hafi fylgt óþægindi við útfarir og aukin fyrirhöfn við umsjá leiða, sem hvort tveggja sé afar óæskilegt.

Eftir því sem ný svæði koma til notkunar sem kirkjugarðar, færast þeir stöðugt fjær Seltjarnarnesi. Það er því mikilvægt umhverfismál að draga úr umferð austur frá Seltjarnarnesi þannig að þeir sem nú þurfa að fara í kirkjugarð í Gufunesi og síðar við Úlfarsfell

verði færri með tilkomu nýs kirkjugarðs innanbæjar.

Loks skal því haldið til haga, að með staðsetningu kirkjugarðs á þeim stað, sem lagt er til, fæst fyrir þá sem næst svæðinu búa trygging fyrir því, að ekki verði í fyrirsjáanlegri framtíð skipulögð byggð vestan við Nesbala, svo sem stundum hefur komið til tals – og rýra myndi kosti og verðmæti fasteigna þar.



BIFREIÐASKOÐUN

Vissir þú að við skoðum bíla á Grandanum?

Þar skoðum við flestar tegundir ökutækja þ.m.t. ferðavagna og húsbíla

Verið velkomin í skoðunarstöð Frumherja að Hólmaslóð 2, Granda.



Frumherji

www.frumherji.is



17.

JÚNÍ 2018

Í BAKKAGARÐI



DAGSKRÁ

Kl. 10-12 Bátasigling frá smábátahöfninni

Siglingafélagið Sigurfari og Björgunarsveitin Ársæll bjóða börnum í fylgd með fullorðnum upp á bátsferðir frá smábátahöfninni við Bakkavör. Siglingar eru háðar veðurfari.

Kl. 11 Hátiðarguðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju

Sr. Kristín Pálsdóttir þjónar fyrir altari og munu Rótárymenn taka þátt í messunni en Garðar Briem forseti Rótáryklúbbsins flytur hugleiðingu. Boðið verður upp á kaffiveitingar í þjóðhátiðarstíl eftir messu í safnaðarheimilinu.

Kl. 13 Skruðganga frá leikskólanum

Lúðrasveit Tónlistarskólans, trúðar, stultufólk og fánaberar í broddi fylkingar ásamt lögreglufylgd.

DAGSKRÁ Í BAKKAGARÐI HEFST KL. 13.15

Tómas Gauti Jóhannsson leiklistarnemi og Seltirningur stýrir málum

Sjöfn Þórðardóttir formaður menningarnefndar flytur hátiðarræðu.

Fjallkonan 2018 flytur Vorkvæði um Ísland eftir Jón Óskar.

Bíbi og Björgvin Franz skemmta smáum sem stórum.

Hljómsveitin Karma Brigade sem vann til verðlauna á Músíktíraunum spilar með Seltirninginn Jóhann Egil Jóhannsson á trommunum að vanda.

Sylvía Erla Melsted söngkona og Seltirningur stígur á stökk eins og á Secret Solstice 2018.

LEIKTÆKI OG STEMNING FRÁ KL. 13-15 - FRÍTT Í ÖLL TÆKI Í BAKKAGARÐI

Andlitsmálning

Myndaspjöld

Candy flos, blöðrur, fánar, þjóðhátiðarnammi, pylsur, pönnukökur, kaffi o.fl.

Vöfflusala í Félagsheimilinu frá kl.15 - ALLIR VELKOMNIR



LAZERTAGVÖLLUR
í fyrsta sinn á Nesinu!



Prautabraut rennibraut og hoppukastali
- eitthvað fyrir allan aldur!



Vatnaboltar



Hestateymingar
fyrir alla aldurshópa

Ég hef frá ýmsu að segja

Nett og kvik á fæti mætir hún í Sundlaug Seltjarnarness. Klukkan hálf sjö tvisvar í viku og hálf átta tvisvar. Fær sér sundsprett og sest svo niður með kaffibolla með sundgestum. Segir þetta vera lífsstíl sem hún hafi tamið sér og hefur augljóslega gert henni gott. Erfitt að leggja trúnað á að þar fari manneskja sem gegnin er langleiðina í áttætt og hafi skilað góðu lífsverki. Og hún er enn að starfa. Myndlistin tók snemma hug hennar og hjarta og við hana hefur hún fengist eftir að hefðbundnum starfsaldri lauk. Hún hefur bæði sótt nám og starfar við eftirlætis iðju sína á fullri ferð fram á þennan dag. Hún hefur sýnd verk sín og tekið þátt í samsýningum bæði á Seltjarnarnesi og annars staðar. Þessi síunga kona er Soffía Mary Sigurjónsdóttir myndlistarmaður og fyrrum bankastarfsmaður. Soffía Mary hefur ekki alltaf búið á Seltjarnarnesi en tengist því með ýmsu móti og lætur nú eftir sér að njóta heldri árána á Nesinu.

“Ég er fædd í Reykjavík og ólst upp á Flókagötunni beint á móti þar sem Kjarvalsstaðir eru nú. Þar áttum við heima og þar lauk ég fyrsta æviskeiðinu en svo flutti fjölskyldan vestur á Dunhaga í Vesturbænum. Faðir minn var Sigurjón Sigurðsson frá Bekanstöðum við Akranes. Hann lærði húsasmíði og gerðist byggingameistari í Reykjavík. Hann byggði fjölda húsa í borginni og það sem á þeim tíma voru stórhýsi. Þar á meðal KRON-húsið við Dunhaga. Það fékk nafn sitt af því að KRON var lengi með verslun á jarðhæðinni en íbúðir voru á efri hæðum. Nokkuð sem ekki var algengt hér á landi. Þetta hús hefur verið að mestu autt að undanförunu vegna þess að til hefur staðið að brjóta það niður og reisa enn stærri byggingu á þessu svæði. Faðir minn byggði líka húsin beint á móti við Dunhaga. Númer 19 og 21 á horninu á Hjarðarhaga og Dunhaga þar sem Gunnlaugur Þórðarson lögfræðingur og Herdís Þorvaldsdóttir leikari bjuggu ásamt fleiru ágætu fólki. Faðir minn átti velgengni að fagna í stórfum sínum en bjó einnig við erfiðleika sem einkum bitnuðu á fjölskyldunni og heimilinu. Hann var alkóhólisti en gætti þess að sú lífsnautn kæmi ekki niður á daglegum störfum í



Soffía Mary Sigurjónsdóttir myndlistarmaður.

byggingariðnaðinum. Á hverjum mánudagsmorgni hélt hann til vinnu oftast í jakkafötum á flottum amerískum bíl þótt viðfangsefnið væru húsbyggingar og hann hélt sér jafnan þurrum út vikuna. Hann vann oft mikið. En hann nýtti helgarnar þeim mun betur til þess að sinna hinu áhugamáli sínu áfenginu. Það var eins og þessir tveir taktar tækust á í honum. Eðlislægur dugnaður og drykkjuskapur. Og hann sinni þeim báðum af kostgæfni sem ekki var hægt að horfa fram hjá. En þetta leiddi af sér annan vanda sem bitnaði enn meira á heimilinu. Móðir mín fór að drekka með honum og fór verr út úr því en hann. Ef til vill af því að hún var inni á heimilinu og þurfti ekki að standa sína plikt utan þess. Því bar minna á þessum vanda hennar en við systkinin urðum auðvitað að lifa með honum og takast á við hann eftir því sem við gátum. Móðir mín var indælis kona en var orðin illa farin undir lokin. Áfengið hafði sett sterk mörk á hana.”

Áfengið alltaf í nálægð

Áfengið sagði ekki skilið við Soffíu Mary þótt hún flytti úr húsum foreldra sinna og stofnaði eigið heimili. “Maðurinn minn hét Ólafur Stefánsson og var lögfræðingur. Ég var að vinna í Búnaðarbankanum þegar við giftum okkur og fluttum

í litla íbúð við Kaplaskjólsvæg 27 – í blokkinni sem er áföst við verslanirnar á horni Hagamels og Kaplaskjólsvegar. Ólafur var af góðu fólki kominn. Faðir hans var Stefán Jóhann Stefánsson sem var ættaður frá Dagverðareyri við Eyjafjörð og varð stjórnmalamaður. Sat á þingi fyrir Alþýðuflokkinn og var forsætisráðherra um hríð. Mig minnir að sú ríkisstjórn sem hann stýrði hafi verið nefnd eftir honum og kölluð Stefania. Þetta voru yndisleg hjón Stefán Jóhann og kona hans Helga Björnsdóttir Ólafs. Þótt maðurinn minn og faðir minn væru óskyldir tengdust þeir Bakkusi talsvert og löngum um of. Báðir stunduðu þeir þó störf sín. létu vínlöngun sína ekki trufla sig að því leytinu en það var ekki fyrr en ég gerði Óla mínum úrslitakosti að hann breytti um lífsstíl. Ég sagði honum hreint út að þetta væri búið hjá okkur ef ekkert breyttist. Hann hafði átt það til að fara á fyllirir og hverfa. Þá vissi ég oft ekki hvar hann var eða með hverjum hann deildi drykkjunni. En úrslitakostir mínir höfðu áhrif. Hann fór í áfengismeðferð og lífið breyttist til muna. Hann hætti þó aldrei alveg að smakka vín en það var með allt öðrum hætti. Harrý bróðir minn varð einnig áfenginu að bráð. Náði aldrei tókum á því og lést þess vegna langt fyrir aldur fram.”

Í banka og hjá útvarpinu

Soffía Mary vann úti fram á sjötugsaldur og þá tók myndlistin við nánast í fullu starfi eins og hún segir. “Þetta var á þeim árum þegar konur voru að hasla sér völl í atvinnulífínu en fram að þeim tíma var mikið um að húsmæður væru heimavinnandi. Ég starfaði í níu ár í Búnaðarbankanum. Var um tíma yfir víxlasþjaldskránni. Þarna kynntist ég ágætum mönnum. Tryggva Péturssyni bróður Péturs Péturssonar sem lengi var útvarpsþulur, Hannesi Pálssyni sem lengi var útibússtjóri og síðar aðstoðarbanksstjóri og Jóni Sigurðssyni tónlistarmanni og textahöfundu sem jafnan var kallaður Jón í bankanum. Ég man vel þegar Raggi Bjarna var að koma niður í banka til að ræða við Jón. Svo hætti ég í bankanum og vildi taka lífeyrissparnaðinn minn með mér. Ég man að Hannes Pálsson lagðist gegn því. Taldi það ekki ráðlegt en ég fór að vinna hjá útvarpinu. Var þar í allmörg ára en fór þá aftur í banka. Að þessu sinni í Landsbankann þar sem ég var hátt á annan áratug. Ég er líka ein af þeim sem byggðu Kattholt upp og var í stjórn þess. Hef alltaf verið mikil kattakona. Ég á enn kisu en held að ég sé búin að eiga 10 kisu í allt.”

Á ýmsum stöðum

Soffía Mary hefur átt heima á ýmsum stöðum um ævina. Við Klambatúnið, á Högunum, við Kaplaskjólín, á Miðbrautinni og Vallarbrautinni á Nesinu, við Tómasarhaga, við Hagamel og um árabíl í hjarta Reykjavíkur á Bergstaðastræti og niður undir Skólavörðustíg. “Þarna var gott að vera og furðu lítið ónæði þótt þetta væri alveg í Miðborginni. Vissulega var ekki eins mikið um ferðamenn og nú en eitt af því sem ég man eftir þegar að við fluttum þangað var að mér var lítið út síðla kvölds og sá þá mann vera að reyna að klifra yfir fangelsismúrinn við Hegningarhúsið. Hann var ekki að strjúka því hann var að fara yfir hann utan frá – að komast inn fyrir. Veit ekki hvað honum kom til en hann hefur eflaust talið sig eiga eitthvert erindi inn fyrir múrinn. Ég hef alltaf verið mæðin. Það eru áhrif af smávegis asmaeinkennum og það var ekki lyfta í húsinu á Bergstaðastrætinu þar sem við bjuggum á þriðju hæð.

Ég var farin að finna verulega fyrir þessu einkum þegar þurfti að bera öll aðföng upp stigana. Það var til þess að við fórum að horfa eftir íbúð í lyftuhúsi og sú leit lenti inn í Kópavogi. Við Engjahjalla. Ég man að vinnufélagi minn í bankanum sagði að við ættum alls ekki að flytja þangað. Honum fannst þetta ekki samboðið okkur en þessar nýbyggingar höfðu ef til vill ekki nægilega gott orð á sér á þeim tíma. Það var ágætt að vera þar en dvölin var skemmri en ætlað var í upphafi. Aðeins tvö ár og níu mánuðir því Ólafur maðurinn minn lést þar fyrir aldur fram árið 2004 en ég var þá 64 ára gömul. Báðir synir Stefáns Jóhanns létust á besta aldri úr krabbameini en hann sjálfur náði mun hærri aldri og lifði fram á nínæðisaldur."

Aftur á Nesið

"Eftir þetta ákvað ég að hætta að vinna. Hætti þegar ég var 65 ára og fór þá að snúa mér að alfarið að hugðarefnum mínum. Á þessum tíma bjó Helga dóttir mín á Seltjarnarnesi og vildi endilega fá mig hingað úteftir. Ég dreif mig og er hér en Helga flutti hins vegar upp í Mosfellsbæ. Hún bjó í tvíbýli við sjóinn og mótbýliskona hennar þoldi ekki hundana hennar og hún varð að velja – að losa sig við þá eða flytja sem hún gerði. Mér fannst þetta sorglegt mál." Soffía Mary eignaðist vin á Seltjarnarnesi. Sá var Almar Geirsson. Vinskapurinn stóð í nokkur ár en Almar er nú látinn. "Þessi kunningskapur varði í um sex ár eða á meðan honum entist aldur. Nei – við voru aldrei í sambúð en svona vinir eins og sagt er. Almar var prýðis maður einstaklega gjafmildur og við nýttum tíman vel. Fórum í margar ökuferðir og spjölluðum saman."

Albert í Gróttu og Guðríður í Ráðagerði

Dauðinn hefur oft verið í nálægð við Soffíu Mary. Ólafur eiginmaður

henna og Björn bróðir hans létust báðir fyrir aldur fram. Sama má segja um föður hennar Sigurjón. Hann druknaði við Gróttu. "Hann var að koma frá okkur Óla og hafði labbað þarna út eftir. Hefur trúlega ekki áttað sig á aðfallinu en skrikað fótur á leiðinni til baka og fallið við. Aðfallið náði honum." Gróttu tengist fjölskyldu Soffíu Mary einnig með öðrum hætti. Hreinn bróðir hennar var stýrimaður og vel kunnugur Albert í Gróttu. "Albert hringdi í Hrein kvöldið áður en að hann fór út á bátunum í hinna sinn." Soffía Mary tengist einnig systrunum í Ráðagerði Önnu og Guðríði. Ólafur var náskyldur þeim. Anna hafði umtalsverð afskipti af félagsmálum í Seltjarnarneshreppi. Var fyrsta konan sem gegndi formennsku í framfarafélaginu. Eftir að hún féll frá bjó Guðríður ein í Ráðgerði allt til ársins 1988 að hún lést. "Það hefur aldrei vitnast hvernig lát hennar bar að. Hún hafði lagað kaffi og síðan gengið út og kom ekki aftur. Talsvert löngu síðar fannst lík hennar sjórekið þetta mál er mjög dularfullt og upplýsist trúlega ekki úr þessu."

Á myndlistarnámskeiðum í gegnum tíðina

En hvenær fór Soffía Mary að mála. "Ég fór snemma að fást við þetta. Harry Rúnar bróðir minn fékkst líka mikið við myndlist. Hann sagði við mig hvort ég vildi ekki prufa að mála. Hann hvatti mig. Sá örugglega einhverja hæfileika í mér. Ég fór að teikna myndir af börnunum mínum og eftir það lá leiðin í myndlistarskóla sem ég stundaði í 11 ár. Ég hef raunar verið á myndlistarnámskeiðum meira og minna alla götu síðan. Ég hef verið í læri hjá frönskum kennara í félagsstarfinu á Vesturgötu 7 og áfram eftir að það var flutt upp á Vitatorg. Það þurfti að taka húsnæðið á Vesturgötunni undir aðra starfsemi. Ég hef líka verið í keramikinu. Er búin að búa til fullt af hlutum. Það er allt orðið fullt heima



Eitt að verkum Soffíu Mary Sigurjónsdóttir myndlistarmanns.

hjá mér af keramikhlutum Ég var lengi vel mest í vatnslitunum en hef meira verið að mála olíumyndir í seinni tíð. Mér finnst nauðsynlegt að hafa eitthvað til þess að dunda við." En Soffía Mary hefur ekki aðeins haldið sig við myndlistina. Hún fór einnig að stúdera tungumál. Ég hef gaman af tungumálum og hef einkum lagt mig eftir ensku og spænsku. Ég hef aldri kvartað undan því að hafa skort verkefni. Ef þau hafa ekki komið til mín hef ég búið þau til.

Ég hef frá ýmsu að segja

Soffía Mary og Ólafur eignuðust þrjú börn. Eitt og hálf ár er á milli þeirra allra. Elstur er Bragi rithöfundur. Þá Helga sálfræðingur og félagsfræðingur og Sigurjón sem er yngstur er stjórnmálafræðingur og háskólakennari. Börnin eru henni augljóslega kær. Hún ræðir um hæfileika þeirra og störf af áhuga og virðingu. Hún staðnæmist einkum við frumburðinn Braga. "Ég held að Bragi hafi þessa rithöfundarhæfileika úr föðurætt minni. Faðir minn og Halldór Laxness voru þremmenningar og Megas er náskyldur okkur. Þessi æð liggur svona í ættum. Ég hef alltaf haft gaman af að skrifa þótt myndlistin hafi orðið ofan á. Ég ætti kannski að skrifa ævisögu mína," segir Soffía Mary glettin. "Ég hef frá ýmsu að segja."



Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr **DURAFast 300+** efninu, sem er sérlega klórþolið og lithelt. Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



Jónsmessuhátíðin verður 24. júní

Jónsmessan þetta árið ber upp á sunnudaginn 24. júní og verður hún að vanda haldin hátíðleg með Jónsmessugöngu og gleði þann sama dag. Gangan hefst við Hákarlaskúrinn við Norðurströnd kl. 20.00 og ekki verða að vera kominn rétt fyrir til að gæða sér á góðgæti í stíl við heiti skúrsins áður en lagt verður af stað.



Fyrsta stopp göngunnar verður við nýja fuglaskoðunarhúsið við Bakkatjörn þar sem að hægt verður að sjá og fá fróðleik um fjölbreytta fugla sem þar eru allt um kring. Næst verður haldið sem leið liggur upp í átt að Nesstofu og þar beint að Urtagarðinum í Nesi en um þessar mundir er unnið að því að stækka garðinn. Gróðursetja á enn fleiri og ólíkar lækningajurtir allt frá upphafsárum Nesstofu og verða gestir göngunnar upplýstir um þau áform. Hjúkrunarheimilið er nú óðum að taka á sig mynd þarna í nágrenninu eins og margir hafa tekið eftir. Ásgerður bæjarstjóri mun segja stuttlega frá framkvæmdunum og við hverju má búast þegar að byggingin og starfsemin verður komin í endanlegt horf í lok árs. Að lokum liggur svo leiðin í Ráðagerði þar sem göngugestum verður boðið í vöfflukaffi á Jónsmessunni í boði Hitaveitunnar. Viðstöddum býðst að skoða húsið að innanverðu auk þess sem Þórður Jónsson, afkomandi þeirra Þórðar útvegsbónda og Þórunnar eiginkonu hans sem byggðu Ráðagerði, mun segja sögu þeirra og Ráðagerðis. Þess má geta að Stefán Bjarnason mannaúdsstjóri Seltjarnarnesbæjar verður með í för og mun hann munda harmonikkuna sína hér og þar og alls staðar þar sem tækifæri gefst. Ráðgert er að dagskránni ljúki eigi síðar en kl. 22.00 og eru allir íbúar hjartanlega velkomnir að taka þátt í Jónsmessuförinu.

UMHVERFISHORNID VIÐURKENNINGAR 2018



Mánudaginn 4. maí fór fram útskrift nema í 10. bekk Valhúsaskóla. Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitti tveimur útskriftarnemum viðurkenningar. Að þessu sinni hlaut Bjarki Daniel Þórarinnsson viðurkenningu fyrir árangur og ástundun í náttúrufræðum, en hvatningarviðurkenningu í náttúrufræðum hlaut Patrekur Pétursson Sanko. Óskum við þeim innilega til hamingju með árangurinn.

F.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir formaður.



Við erum 5 ára!!!

10 & 20 % AFMÆLIS AFSLÁTTUR 14.-21. júní




**DRYKKIR Á
BOÐEFNABARNUM**
20% afsláttur

Bjóðum allskyns holla og heimagerða drykki og aðrar kræsingar á boðefnabar Systrasamlagsins sem næra djúpt.



FLOTHETTAN
20% afsláttur

FLOTHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og velliðan í vatni. Farðu djúpra inn á við frínu. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



**LÍFRÆNN
SAMFESTINGUR**
10% afsláttur

Nýtt jógafermerki á Íslandi. Ripple Yoga framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag og margt annað. 10 % afmæliskynningarafsláttur.



MÖNTRU ARMBÖND
10% afsláttur

Möntru armböndin eru frábært veganesti út í lífið. Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull.



**SÓLEY
ORGANICS**
20% afsláttur

Af allri húðvörulínunni. Vertu mjúk í sumar.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Fylgstu með söfnun systra
fyrir uppbyggingu og smíði
Boðefnabars á karolinafund.com

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

ÖFLUG SÓLARVÖRN FYRIR ANDLIT



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

GAMAN SAMAN Í SUMAR

Hefðbundinni vetrardagskrá félags og tómsundastarfs eldri bæjarbúa lauk með glæsilegri handverkssýningu en hún var haldin í sal félagsstarfsins á Skólabraut 3, dagana 25., 26. og 27. maí sl. Á sýningunni sem var mjög glæsileg í alla staði var sýndur afrakstur vinnu vetrarins í öllu handverki, eins og leir og listasmíðju, glerbræðslu og glerlist, bókbandi, almennri handavinnu og timburvinnu. Fjöldi fólks lagði leið sína á sýninguna og í vöflukaffið.



Félags- og tómsundastarfið tekur breytingum yfir sumartímann. Hefðbundin námskeið hverfa og eitthvað nýtt og skemmtilegt tekur við. Ýmislegt verður í boði alla virka daga. Mikið lagt upp úr hreyfingu og samveru.

Eva Katrín og Thelma Hrund leysa Kristínu af í umsjón á félags- og tómsundastarfi eldri bæjarbúa sumarið 2018. Dreift var uppfærðri dagskrá til allra bæjarbúa sem hafa náð 60 ára aldri. Margt er á döfinni í félagsstarfinu í sumar til dæmis **leikfimi 3x í viku** á Skólabraut, **pútt á golfvöllinum** sem hefst í júlí, **félagsvist og bingó**.

Sumargleði miðvikudaginn 13. júní í salnum á Skólabraut kl. 15.00. Grillum pylsur, syngjum, tröllum og höfum gaman. Aðrar samverustundir eru til dæmis **HM stofa í salnum á Skólabraut** en sýndir verða allir leikir íslenska landsliðsins frá HM í knattspyrnu. Félagsstarfið ætlar einnig **sumarferð um Reykjanesið miðvikudaginn 11. júlí**. Farið verður á markverða staði á Reykjanesinu.

Opið er fyrir skráningu til 2. júlí en skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig verður **snjallsíma og spjaldtölvunámskeið 18. - 28. júní**. Námskeiðið er kennt í salnum Skólabraut frá 10:00 – 12:00 og er skráning hjá bæjarskrifstofunni í síma: 5959 100.

Óvæntar uppakomur verða auglýstar í Morgunblaðinu undir félagslífl aldraðra og á facebooksíðunni eldri borgarar á Seltjarnarnesi. Ath. Sýning Bjargar Ísaksdóttur í Gallerí Gróttu stendur út júlímánuð.

Hlökkum við til að sjá sem flesta taka þátt í félagsstarfinu í sumar.

Unga fólkið getur fylgst með HM í kirkjunni

- Rótarýklúbbur Seltjarnarness gaf stóran sjónvarpsskjá og styður fjölþætt æskulýðsstarf

Unga fólkið hér á Nesinu mun geta fylgst með íslensku leikjunum og e.t.v. fleiri leikjum í Heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu í Rússlandi á stórum sjónvarpsskjá á neðri hæðinni í Seltjarnarneskirkju. Kirkjan hefur nýlega fengið að gjöf stóran sjónvarpsskjá (75") sem notaður verður í menningar- og fræðslustarfi hennar, m.a. fyrir unga fólkið. Skjárinn verður í rýminu þar sem félags- og tómsundastarf hefur lengi farið fram og ýmsir þekkja. Má ætla að margir hinna yngri vilji notfæra sér þetta góða tækifæri til að horfa á leikina í hópi jafnaldra og vina, enda fylgir slíku gjarna mikil kæti og samhugur.



Það er Rótarýklúbbur Seltjarnarness sem gaf kirkjunni þennan forlata Samsung sjónvarpsskjá, en stuðningur við margskonar æskulýðsstarf og samfélagsverkefni er meðal þess sem Rótarýhreyfingin lætur til sín taka.

Margir þekkja til sundverðlaunanna sem klúbburinn veitir þeim nemendum Mýrar- og Valhúsaskóla sem standa sig best í skólasundkeppninni á hverju vori, auk Erlendarbikarsins sem klúbburinn gaf fyrir allmörgum árum til að verðlauna afburðaárangur í sundi. Þá veitir klúbburinn á hverju ári bókarverðlaun stúlku og pilti í Valhúsaskóla fyrir framúrskarandi námsárangur, nú fyrir skemmstu þeim Önnu Lindu Pálsdóttur og Gunnlaugi Eiði Björgvinnssyni. Einnig má nefna nemendaskipti við önnur lönd, sem allmargir ungir Seltirningar hafa notið.

Loks gaf Rótarýklúbbur Seltjarnarness fyrir fáeinum árum veglega sérsníðaða silfurskál, Kaldalónsskálina, sem er veitt fyrir frábæran árangur í tónlistarnámi. Með skálinni heiðraði klúbburinn minningu Selmu Kaldalóns tónskálds er bjó og starfaði um árabíl hér í bæ. Kaldalónsskálina verður einmitt veitt í 3ja sinn hinn 17. júní nk. við guðsþjónustu í Seltjarnarneskirkju. Venja er orðin að félagar í Rótarýklúbbnum annist ýmsa þætti athafnarinnar á þjóðhátíðardaginn, þ. á m. mun Garðar Briem, forseti klúbbsins undanfarið ár, flytja hugleiðinguna þann dag – og veitingar verða í boði klúbbsins.



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu

2 Staflað þeim saman svo þær taki minna pláss



3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Veitingastaðurinn XO þriggja ára

Veitingastaðurinn XO verður þriggja ára þann 19. júní n.k. Hann var fyrst opnaður í JL húsinu við Hringbraut og hlaut strax frábærar viðtökur allt frá opnun staðarins enda byggist hann fyrst og fremst upp á að bjóða hollustufæði. “Þetta byrjaði rólega hjá okkur en veltan jókst jafnt og þétt í hverjum mánuði út fyrsta árið enda hefur verið mikil vitundarvakning um hollustu og heilsusamlegt lífverni á síðustu árum. Við fórum allt of rólega af stað í að auglýsa XO áður en við opnuðum en svo spurðist XO einfaldlega út sem eru langbestu meðmælin. Galdurinn er að sjálfsgöðu að bjóða upp á góðan, ferskan og næringarríkan mat. Það er ekki nóg að hann sé hollur, hann verður líka að bragðast vel,” segir Gunnar Örn Jónsson framkvæmdastjóri og einn eigenda XO veitingastaðar.

XO stækkaði verulega árið 2016 og í maí á síðasta ári opnaði nýr XO veitingastaður í Smáralind. “Viðtökurnar í Smáralind voru

frábærar frá fyrsta degi og framar okkar vonum. Take Away byrjaði þó rólegar en við reiknuðum með en núna eru einstaklingar og fyrirtæki allt í kringum Smáralindina vel upplýstir um að hægt sé að taka með sér mat heim af XO eða fá sent á vinnustaðinn. XO er opið til kl. 21 alla daga vikunnar, þó verslanirnar í Smáralind loki oftast fyrr en aðgengið að XO í Smáralind er mjög gott fyrir Take Away. Take Away er orðið rótgróið á XO í vesturbænum og vonandi verður það sama uppi á teningnum í Smáralind á næstu misserum,” segir Gunnar.

Skammtarnir eru ríflegir

Hvað er það sem gerir XO að svona vinsælum stað? “Þetta er góð spurning en líklega er það áður nefnd vitundarvakning um heilsu og hollt mataræði ásamt því að fólk gengur að gæðunum vísun á XO. Skammtarnir eru ríflegir og fólk fær “value for money” ef svo má að orði komast. Gæði, þjónusta og hollur og góður matur hafa ávallt verið aðal markmið XO.”



Öll börn fá að velja sér dót þegar verslaður er réttur af barnamatseðli á XO.

Spennandi tilboð og afslættir í afmælisvikunni

Hvað ætlið þið að gera í tilefni af þriggja ára afmæli XO? “Við ætlum að bjóða upp á spennandi tilboð í afmælisvikunni, t.d. verða allar okkar vinsælu flatbökur á 20% afslætti en sérþróaður heilkorna súrdeigsbotn er á öllum flatbökunum á XO. Einnig verða djúsar og shakear á 20% afslætti. Afslættirnir okkar í afmælisvikunni verða auglýstir vel á samfélagsmiðlum og í

útvarpi. Svo má ekki gleyma nýja barnamatseðlinum á XO en öll börn fá að velja sér dót þegar verslaður er réttur af barnamatseðli. “Það er nýjung hjá okkur að gefa dót með öllum barnaréttum og hefur reynst vægast sagt mjög mikil ánægja með það hjá yngstu kynslóðinni. Við erum ekki í vafa um mikilvægi þess að kynna hollt mataræði fyrir börnum í hvaða formi sem sú kynning er. Því fyrr því betra. Skyndibiti þarf alls ekki að vera óhollur,” segir Gunnar.

Mætum á völlinn í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!



Meistaraflokkur karla í knattspyrnu í Gróttu 2018.



Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu í Gróttu 2018.





Einar Jónsson ráðinn þjálfari Gróttu

Handknattleiksdeild Gróttu hefur gengið frá samningi við Einar Jónsson um að taka við þjálfun meistaraflokks karla hjá félaginu næstu tvö ár.

Einar Jónsson ætti að vera öllum handboltaunnendum kunnugur en hann hefur þjálfað meistaraflokka í 13 ár, bæði á Íslandi og í Noregi. Einar varð Íslandsmeistari karla með Fram sem þjálfari tímabilið 2012-2013, Einar þjálfði einnig kvennalið Fram og skilaði þar bikarmeistaratitli tvö ár í röð, árin 2010 og 2011.

Einnig náði Einar frábærum árangri með kvennalið Molde í Noregi meðan hann starfaði þar.

Við sama tlefnis skrifaði Árni Benedikt Árnason undir tveggja ára samning við handknattleiksdeild Gróttu, Árni hefur spilað 200 leiki fyrir meistaraflokk Gróttu og var fyrirliði Gróttu árin 2014-2017. Árni spilaði handbolta með Uppsala HK á seinasta tímabili.



Árni Benedikt Árnason og Einar Jónsson.

Forskráning í fimleikadeild Gróttu stendur yfir



Ungir fimleikakrakkar úr Gróttu.

Forskráning í fimleikadeild Gróttu fyrir næsta vetur stendur nú yfir. Hún hófst 1. júní og stendur til 30. júní næst komandi á <https://grotta.felog.is/>. Vegna framkvæmda við íþróttamiðstöðina verður mögulega að takmarka iðkendafjölda fyrir næsta tímabil. Þeir iðkendur sem æfðu í vetur og eru fæddir 2012 og fyrr eru í forgangi verði þeir skráðir í forskráningu.

Greitt er 10.000 kr. skráningargjald með kreditkorti við skráningu. Skráningargjaldið er óafturkræft en dregst frá æfingagjöldum næsta vetrar. Komi upp sú staða að fimleikadeildin þurfi að neita umsækjendum um pláss er hægt að óska eftir að fá skráningargjaldið endurgreitt. Biðlistinn fellur nú úr gildi og allir sem vilja komast að næsta vetur þurfa að forskrá sig. Eftir að forskráningu lýkur verður hægt að skrá á nýjan biðlista.

Arnar Jón og Davíð ráðnir þjálfarar

Arnar Jón Agnarsson og Davíð Örn Hlöðversson hafa verið ráðnir þjálfarar meistaraflokks kvenna hjá Gróttu. Samningurinn er til þriggja ára. Þjálfararnir taka við boltanum af



Davíð Örn Hlöðversson og Arnar Jón Agnarsson.

Alfreð Erni Finnssyni sem stýrði liðinu í vetur.

Alfreð stígur til hliðar vegna starfa sinna hjá HSÍ. Það eru ánægjuleg tíðindi að Alfreð verður áfram í röðum Gróttu og mun áfram starfa hjá félaginu á öðrum vettvangi.

Bæði Arnar Jón og Davíð þekkja heldur betur til félagsins. Arnar Jón hefur starfað sem yfirþjálfari yngri flokka hjá Gróttu undanfarin tvö ár og Davíð hefur þjálfað hjá félaginu í 14 ár. Kristín Þórðardóttir formaður Handknattleiksdeildar Gróttu hafði þetta að segja við undirritunina: „Við í stjórn deildarinnar erum gríðarlega ánægð með samningana við Arnar Jón og Davíð og væntum mikils af þeirra störfum næstu árin“.

Aukþjónusta Knattspyrnudeildar



fyrir krakka fædda 2004-2007

Lágmarksfjöldi 10 börn, hámark 20 börn.

Námskeið 1: 11. júní - 22. júní

Styrktarnámskeið undir stjórn Evu Katrínar Friðgeirsdóttur. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, frá 10.30-12.00. Verð: 6.900 kr.

Námskeið 2: 25. júní - 6. júlí

Hlaupataekninámskeið undir stjórn frjálsíþróttakonunnar Örne Stefaníu Guðmundsdóttur. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, frá 10.30-12.00. Verð: 6.900 kr.

Námskeið 3: 9. júlí - 20. júlí

Fótboltaekninámskeið undir stjórn þjálfara Gróttu ásamt aðstoð góðra gesta. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, frá 10.30-12.00. Verð: 6.900 kr.

Námskeið 4: 23. júlí - 3. ágúst - Nánar auglýst síðar.

VIVALDI



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Efnilegir Gróttukrakkar

Grimur Ingi keppti með U-15

U-15 ára lið Íslands tók á móti sterku liði Sviss í tveimur æfingarleikjum í vikunni. Þar átti Gróttu glæsilegan fulltrúa - miðjumanninn Grím Inga Jakobsson. Í fyrri leiknum, sem tapaðist 4-1, kom Grímur inná sem varamaður en í síðari leiknum var okkar maður í byrjunarliðinu. Aftur var við ramman reip að draga hjá íslensku strákunum og tapaðist leikurinn 3-1. Grími gekk brösuglega í upphafi leiks en þegar leið á steig okkar maður upp og átti ljómandi góðan seinni hálfleik.



Grímur Ingi Jakobsson.

Krakkar úr 4. flokki karla og kvenna valin í hæfileikamótun KSÍ

Gróttu átti 8 fulltrúa á æfingum Hæfileikamótunar KSÍ þann 1. maí en þau komu öll úr 4. flokki. Lilja Lív, Lilja Scheving, Tinna Brá og Rakel Lóa voru í stúlkna hópnum og þeir Benoný Breki, Fróði, Ragnar Björn og Orri Steinn voru drengja megin. Þann 21. maí var aftur valið í hæfileikamótun KSÍ og þá átti Gróttu 5 fulltrúa, en þau voru þau Benoný Breki, Orri Steinn, Lilja Lív, Rakel Lóa og Tinna Brá. Hópurinn æfði undir stjórn Þorláks Árnasonar í bæði skiptin. Knattspyrnudeild Gróttu óskar krökkunum til hamingju með þennan flotta árangur!



Benoný Breki.



Lilja Lív.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Grímur Ingi Jakobsson. Hann spilar fótbolta með 2. og 3. flokk Gróttu, einnig hefur hann spilað leiki með meistaraflokk ásamt öðrum liðsfélögum sínum. Hann var valin í U-15 ára unglingslandsliðið í fótbolta og hefur spilað með þeim leiki við bæði Færeyjar og Sviss. Næst á dagskrá með unglingslandsliðinu er æfingabúðir og leikur við Hong Kong seinna í sumar.

Grímur hefur líka verið að æfa handbolta og var valin mikilvægasti leikmaðurinn á nýafstaðnri vorhátið. Einnig fékk hann boð um að æfa með unglingslandsliðinu í handbolta 2018. Hann er nemandi í Valhúsaskóla, var að ljúka við 9. bekk og mun því hefja sitt lokaár næsta haust.

Fullt nafn? Grímur Ingi Jakobsson.

Fæðingard. og ár? 26.06.2003.

Starf? Námsmaður og unglingsvinnanur í sumar.

Farartæki? Hjól.

Helstu kostir? Góðhjartaður og kurteis.

Eftirlætis matur? Pizza á Bautanum.

Eftirlætis tónlist? Ég er með frekar breiðan tónlistarsmeik.

Eftirlætis íþróttamaður?

Zidane og Charlie Adam.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Skam.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Harry Potter.

Uppáhalds leikari? Jói Jóhannsson.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

The Green Mile.



Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Hitti vini mína, fer í fótbolta og körfu. Spila líka playstation.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Flórida.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Peter Crouch.

Uppáhalds vefsíða? Youtube

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Bara eitthvað geggjað.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

10 milljónir í happdrætti? Kaupa mér bíl og leggja rest inn á bankabók.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Láta byggja innanhús höll á Vivaldi.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að verða atvinnumaður í fótbolta.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Verð að vinna í unglingsvinnunni. Fer síðan á USA Cup með 3 flokki og eftir það til Frakklands með fjölskyldunni minni. Hitta vini mína og spila fótbolta!

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Knattspyrnskóli Gróttu



fyrir börn fædd 2008-2012

Hvert námskeið er í tvær vikur frá 9-12 en boðið er upp á viðveru frá kl 8. **Skráning á grotta.felog.is**

Námskeið 1: 6. júní-22. júní.
Verð 10.800 kr.

Námskeið 2: 25. júní-6. júlí.

Námskeið 3: 9. - 20. júlí.

Námskeið 4: 23. júlí- 3. ágúst.

Námskeið 2, 3 og 4 kosta 7.900 kr.

Styrktarnámskeið, hlaupatækninámskeið og tækninámskeið fyrir krakka í 4. og 5. fl. – auglýst nánar síðar.

VIVALDI



Kjötkompaní

GRILL

STÚTFULL BÚÐ AF GÓÐGÆTI
FYRIR HM PARTÝIN

Grandagarði 29 | 101 Reykjavík

Hafnarfjörði & Granda

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](#)